

AUGLÝSING

um val á reynslusveitarfélögum.

1. gr.

Í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga, og með heimild í 1. mgr. 4. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82 frá 19. maí 1994, hefur verið ákveðið að eftirtalin tólf sveitarfélög skuli verða reynslusveitarfélög:

1. Sameinað sveitarfélag Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Hafnahrepps.
2. Hafnarfjarðarkaupstaður.
3. Garðabær.
4. Reykjavíkurborg.
5. Borgarbyggð.
6. Snæfellsbær.
7. Dalabyggð.
8. Sameinað sveitarfélag Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bildudalshrepps.
9. Akureyrarkaupstaður.
10. Neskaupstaður.
11. Hornafjarðarbær.
12. Vestmannaeyjakaupstaður.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Anna G. Björnsdóttir.

REGLUR

um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa.

Seðlabanki Íslands setur hér með á grundvelli heimildar í 17. gr. laga nr. 9/1993 um verðbréfavíðskipti, reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða verðbréfa í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

1. gr.

Útgefandi (skuldari) eða verðbréfafyrirtæki sem annast almennt útboð, skal tilkynna Seðlabankanum, lögfræðideild, með a.m.k. 10 daga fyrirvara, þar af séu 7 heilir dagar afgreiðsludagar banka, um upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins á sérstöku eyðublaði sem liggur frammi í afgreiðslu bankans. Umræddur frestur skal þó vera 5 heilir afgreiðsludagar banka vegna almennra útboða víxla eða annarra skuldabréfa með lánstíma allt að 12 mánuðum. Sé almennt útboð selt í fleiri en einum áfanga, skal lýsa áformuðum áföngum og tilkynna síðan um fyrsta söludag í síðari áföngum með sama hætti og tilkynnt var um fyrsta söludag í fyrsta áfanga. Seðlabankanum

er heimilt að breyta dagsetningum útgefenda eða verðbréfafyrirtækja með tilliti til aðstæðna á peningamarkaði.

Seðlabankinn tilkynnir útgefanda eða verðbréfafyrirtæki, að höfðu samráði við Verðbréfaþing Íslands, um heimilaðan fyrsta sölundag (í hverjum áfanga), með minnst tveggja daga fyrirvara hafi útboðsgöngin þá verið fullbúin.

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi hinn 1. júlí 1994. Jafnframt falla úr gildi reglur frá 23. júní 1993 um fyrsta sölundag almennra útboða verðbréfa.

Reykjavík, 21. júní 1994.

Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

AUGLÝSING

**um breytingu á skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann
nr. 73 31. janúar 1990.**

Skólanefnd sjálfseignarstofnunarinnar, Samvinnuháskólinn hefur samkvæmt heimild í 10. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar, á fundi sínum 2. mars 1994 samþykkt eftirfarandi breytingu á 4. gr. skipulagsskrárinnar:

4. gr.

orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í skólanefnd til tveggja ára. Einn skólanefndarmaður er skipaður án tilnefningar, skólaráð tilnefnir einn, Nemendasamband Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans einn og Vinnumálasamband Samvinnufélaganna tvo. Varamenn skal tilnefna og skipa fyrir hvern skólanefndarmann. Við skipun skólanefndarinnar skal þess gætt að meginhluti aðalmanna og varamanna sé hvorki í námi né föstum störfum við Samvinnuháskólann.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Samvinnuháskólinn staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.